

## Sigurrós Friðriksdóttir

---

**From:** Asgrimur L Asgrimsson - LHG <Asgrimur@LHG.IS>  
**Sent:** föstudagur, 21. október 2022 14:16  
**To:** Sigurrós Friðriksdóttir  
**Subject:** RE: Beiðni um umsögn Landhelgisgæslu Íslands vegna fyrsta áfanga í rannsóknarverkefni félagsins Running Tide

**Categories:** GoPro: Skjalað undir UST202207-267 - Vísindalegar rannsóknir - landhelgi - efnahagslögsaga og landgrunn - leyfi... (mál)

Sæl Sigurrós.

Landhelgisgæslan (LHG) hefur mótttekið umsagnarbeiðnina frá Umhverfisstofnun. LHG hefur áður fengið upplýsingar um fyrirátlanir Running Tide ehf. m.t.t. útsetningar á flothylkjum sem innihalda trjákur og / eða trjákurli einu saman. Fram hefur komið að flothylkin yrðu á stærð við golfbolta og þau allra stærstu á stærð við körfubolta. Jafnframt hefur komið fram að mælitækjum yrði komið fyrir til að fylgjast með reki og upplausn flothylkjanna eða trjákurlsins. Í hverri útsetningu yrðu 4 tæki af minni gerðinni sett í sjóinn en þau eru á stærð við "kókdós" en þau stærri sem yrðu tvö eru grinder með ummál á stærð við lítinn ísskáp. Fram hefur komið að hver útsetning yrði á bilinu 1000-2000 tonn og að þær fari fram um 150-200 sml undan strönd. Ekki er þekkt hversu lengi flothylkin eða trjákurlið muni loða saman en gera má ráð fyrir því að í úthafinu muni það dreifast fljótlega en ekki mynda langvarandi fyrirstöðu.

LHG telur litlar sem engar líkur á því að flothylkin valdi siglingahættu á úthafinu umhverfis Ísland eða annarstaðar í Atlantshafinu. Flothylkin eru ekki það stór að þau geti valdið skipum sem sigla um úthafið neinu tjóni og það sama er hægt að segja um mælitækin sem og grinsina sem tilheyrir stærri búnaðinum. Ætla má að þegar flothylkin eða trjákurlið í grindinni leysist upp þá muni grindin sökkva.

LHG mun senda út siglingaviðvörðun að beiðni Running Tide ehf. þegar að farmur eða farmar af flothylkjum eða trjákurli verða útsettir í hafið þannig að skip sem gætu átt leið um svæðið ættu að vita af því fyrst um sinn þegar að viðloðunin og þéttleikinn er hvað mestur.

LHG telur heldur ekki að siglingahætta skapist að því þó að flothylkin reki að landi, þ.e.a.s. ef þau hafa ekki lesysts upp eða sokkið fyrir þann tíma. LHG telur hinsvegar ekki loku fyrir það skotið að flothylki geti rekið upp að strönd og í fjörur hvort sem er á Íslandi eða í einhverju af nágrannalöndunum. Það er hinsvegar ólíklegt að það verði í miklu magni á hverjum stað fyrir sig.

Bestu kveðjur

Ásgrímur L. Ásgrímsson  
Framkvæmdastjóri aðgerðarsviðs  
Landhelgisgæsla Íslands

---

**From:** Sigurrós Friðriksdóttir <sigurros@umhverfisstofnun.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 19. október 2022 16:55  
**To:** Asgrimur L Asgrimsson - LHG <Asgrimur@LHG.IS>  
**Subject:** Beiðni um umsögn Landhelgisgæslu Íslands vegna fyrsta áfanga í rannsóknarverkefni félagsins Running Tide

Sæll Ásgrímur,

eins og kynnt hefur verið á fundi fulltrúa Umhverfisstofnunar með fulltrúa Landhelgisgæslu Íslands í gær hefur Umhverfisstofnun að undanförunni verið með til afgreiðslu tvö erindi Running Tide ehf. dags. 22. júlí 2022, þar sem óskað er eftir afstöðu stofnunarinnar um skilyrði sem sett eru fram í leyfi félagsins til vísindalegra rannsókna útgefið

af utanríkisráðuneytinu dags. 8. júlí 2022. Þau skilyrði sem um ræðir varða annars vegar leyfisskilyrði vegna varps í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd vegna innflutnings framandi lífvera og hins vegar skilyrði um samráð við Umhverfisstofnun og Hafrannsóknastofnun á meðan á rannsókninni stendur.

Umhverfisstofnun hefur því haft til skoðunar hvort rannsóknin feli í sér varp í hafið skv. 9. gr. l. 33/2004 og hvort hægt sé að veita undanþágu frá afdráttarlausu banni við varpi í hafið vegna rannsóknarinnar. Einnig er til skoðunar hvort það komi til greina að skoða nánar hvort stofnunin geti gefið heimild til að þeim hlutum og efnum sem rannsóknin gerir ráð verði komi fyrir í hafinu sbr. skilgreiningu í a. lið 27. tölul. 1. mgr. 3. gr. l. 33/2004.

Ákvæði um varp í hafið í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda byggja á ákvæðum Lundúnasamningsins og Lundúnabókunarinnar um varnir gegn mengun hafsins (London Convention/London Protocol) og samningsins um verndun Norðaustur-Atlantshafsins (OSPAR) sem Ísland hefur fullgilt. Við túlkun ákvæða l. 33/2004 ber því að taka mið af skuldbindingum Íslands samkvæmt þeim samningum og þeim leiðbeiningum sem gefnar eru út í tengslum við framkvæmd þeirra. Samkvæmt 1. gr. beggja þessara samninga er að finna sambærileg ákvæði við framangreinda tilvísun í 3. gr. l. 33/2004 en þar er einnig tekið fram að markmið og önnur ákvæði samninganna verði að vera uppfyllt. Þegar metið er hvort hægt er að veita heimild til að koma fyrir efni eða hlutum í hafinu vegna rannsóknarinnar verður því jafnframt að fara fram mat á því hvort markmið þau sem sett eru fram í 1. gr. l. 33/2004 og önnur ákvæði þeirra laga séu uppfyllt verði slík heimild veitt.

Vegna framangreinds óskaði Umhverfisstofnun eftir frekari upplýsingum frá félaginu um fyrirhugaðar rannsóknir og byggði þá beiðni á viðauka 5 í skýrslu um 36. fund Lundúnasamningsins (LC 36/16) og viðauka V í ályktun LP.4(48), sjá meðfylgjandi skjöl.

Umhverfisstofnun átti fund með fulltrúum frá Running Tide þann 5. október sl. Á þeim fundi var lögð áhersla á að Umhverfisstofnun þyrfti að fá frekari gögn um rannsóknirnar, sbr. beiðni þar að lútandi, til að geta tekið afstöðu til leyfisskyldu. Á fundinum kom einnig til umræðu að Umhverfisstofnun taki fyrst til skoðunar fyrsta áfanga rannsóknarverkefnisins sem myndi felast í því að setja út 10.000 tonn af efni. Niðurstaða fundarins var sú að Running Tide myndi senda inn frekari lýsingu á fyrsta áfanga auk svara við fyrri spurningum Umhverfisstofnunar.

Running Tide hefur nú skilgreint fyrsta áfanga rannsóknarverkefnisins sem felst í því að setja út 10.000 tonn af einingum af undirlagi (substrates) sem eru 1-3 cm og vega að meðaltali 30 gr. Efnið yrði sett í hafið fyrir sunnan land í 6-8 skipti, um 1.000-2.000 tonn í hvert sinn, á tímabilinu október 2022 til júní 2023. Auk þess yrðu settar út 12 mælibaújur (4 cage buoys, 8 trajectory buoys). Nánari lýsingar á skilgreindum fyrsta áfanga er að finna í áður innsendum skjölum, þ.e.:

- Appendix I – Running Tide Research Project Consultation Plan with Environment Agency of Iceland
- Deployment Report\_IS\_01
- 2022-10-12 Answers to UST
- substrate-distribution (gif)

Auk þessa hafa borist eftirfarandi skjöl frá Running Tide (sjá áður innsend skjöl):

- Appendix II – Running Tide – Carbon Removal 2022 Icelandic Pilot Environmental Impact Assessment Report
- Appendix III – Running Tide – Benthic Ecology 2022 Iceland Field research brief
- 2022-2026 Running Tide Iceland Offshore Research Overview
- Appendix IV – Running Tide – Carbon Removal is Mass Transfer From Fast to Slow Cycle Carbon

Í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á lýsingu rannsóknarverkefnisins frá því að rannsóknarleyfi utanríkisráðuneytisins var veitt með bréfi dags. 8. júlí sl. og þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir um fyrsta áfanga rannsóknarinnar, þ.m.t. um staðsetningu og því efni sem sett verður í hafið, óskar Umhverfisstofnun eftir afstöðu Landhelgisgæslu Íslands til fyrsta áfanga rannsóknarinnar m.t.t. siglingaöryggis.

Umhverfisstofnun óskar eftir staðfestingu á móttöku þessa tölvupósts og óskar jafnframt eftir að umsögn berist eigi síðar en 25. október nk., sé þess nokkur kostur.

**Bestu kveðjur, Best regards**  
Sigurrós Friðriksdóttir